

**Nd.**

**576. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 3. minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klotnað i þrjá hluta um afstöðu til málsins. Undirrituðum þykir vel geta komið til mála, að ríkið taki einkasöln á tóbaki í því skyni að afla ankinna tekna af tóbaki, án þess að iþyngja tóbaksneytendum, og jafnframt til þess að geta haft fyllri iþlutun um innflutning og söln þessarar alónauðsynlegu og skaðlegu vöru. Hinsvegar verður við það að kannast, að óheppilegt er að skifta um fyrirkomulag á versluninni á svo fárra ára fresti, að ekki fáiist full reynsla um hvort verslunarfyrirkomulagið fyrir sig til samanburðar.

Með skírskotun til þessa álits okkar þykir okkur rjett, að málið fái fyllri athugun áður en ráðin sje breyting á fyrirkomulagini á ný, og leggjum því til, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 23. mars 1928.

Halldór Stefánsson,  
form., frsm.

Hannes Jónsson.